



**114. fundur Byggðaráðs Múlapings
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 23. apríl 2024
og hófst hann kl. 08:30**

Fundinn sátu:

Berglind Harpa Svavarsdóttir formaður, Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Hildur Þórisdóttir aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Inga Þorvaldsdóttir fundarritari.

Fundargerð ritaði: Inga Þorvaldsdóttir, fulltrúi á stjórnarsýslusviði

Dagskrá:

1. 202401001 - Fjármál 2024

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

2. 202404017 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2025 - 2028

Fyrir liggur minnisblað frá skrifstofustjóra Múlapings varðandi aðkomu heimastjórna að fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að beina því til heimastjórna að þær taki til umfjöllunar þeirra áherslur vegna fjárhagsáætlunargerðar 2025-2028 á fundum sínum í byrjun maí og komi á framfæri til viðkomandi fagraða.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

3. 202404068 - Beiðni um styrk vegna 50 ára afmælis Egilsstaðakirkju

Fyrir liggur erindi frá Egilsstaðakirkju varðandi styrk frá sveitarfélaginu í tilefni 50 ára afmælis kirkjunnar.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlapings samþykkir að sveitarfélagið komi að kynningu afmælishátíðar með 17. júní dagskrá á Egilsstöðum og felur atvinnu- og menningarmálastjóra að sjá til þess. Varðandi styrkveitingu frá sveitarfélaginu vegna verkefnanna "Afmælistónleikar" og "Málþing um Austurlandsskáldin" felur byggðaráð Atvinnu- og menningarmálastjóra og fjármálastjóra að móta tillögu að mögulegri aðkomu sveitarfélagsins að þeim verkefnum og leggja fyrir byggðaráð til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.



4. 202404074 - Innsent erindi, Vetrarþjónusta á Jökuldalsvegi

Fyrir liggur bókun frá fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs, dags. 15.04.2024, þar sem því er beint til byggðaráðs að bregðast við ákalli um bættu símaþjónustu á vegkaflanum frá Þjóðvegi 1 að Stuðlagili.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings tekur undir þær áherslur er fram koma m.a. í fyrirliggjandi erindi varðandi vetrarþjónustu á Jökuldalsvegi að mikilvægt sé að símaþjónustan á vegkaflanum frá Þjóðvegi 1 að Stuðlagili verði bætt. Sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri til viðeigandi aðila.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

5. 202404096 - Evrópuverkefni NATALIE, kynningarfundur

Frestað.

6. 202401179 - Fundagerðir Austurbrúar og upplýsingapóstur 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar Austurbrúar, dags. 22.03.2024.

Lagt fram til kynningar.

7. 202401177 - Fundagerðir SSA 2024

Fyrir liggur fundargerð stjórnar SSA, dags. 22.03.2024.

Lagt fram til kynningar.

8. 202404145 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2024

Fyrir liggur boðun til aðalfundar Landskerfis bókasafna hf. 2024.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings felur atvinnu- og menningarmálastjóra að skipa fulltrúa er mæti fyrir hönd sveitarfélagsins á boðaðan aðalfund Landskerfis bókasafna hf. er haldinn verður 7. maí nk. Jafnframt er Atvinnu- og menningarmálastjóra falið að óska eftir því að fulltrúi sveitarfélagsins geti tengst fundinum um fjárfundarbúnað.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

9. 202404130 - Landshlutfundur Jafnréttisstofu fyrir Austurland 2024

Fyrir liggur tilkynning um landshlutfund Jafnréttisstofu er haldinn verður á Egilsstöðum með kjörnum fulltrúum á Austurlandi miðvikudaginn 8. maí nk.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings felur ritara að koma á framfæri við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins upplýsingum varðandi fyrirhugaðan landshlutfund Jafnréttisstofu á Egilsstöðum þann 8. maí nk.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.



Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00

